

## Fundargerð

420. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 7. maí 2019 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Guðrún Árnadóttir, Róbert Bender, Kári Jónasson, Margrét Hagalínsdóttir, Sjöfn Ingólfssdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Finnur Birgisson, Ólafur Ingólfsson, Sigríður Snæbjörnsdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar nr. 419 undirrituð.

### 1. Áherslur FEB innan stjórnar LEB

Formaður sagðir frá fyrsta stjórnarfundum LEB. Áréttaði þar með áherslu FEB á málefni eldri borgara sem standa illa / verst standa.

Hvaða aðgerðir stjórnvalda gætu þar komið best að og fyrir hverja á þar að leggja áherslu á. Ljóst er að ekkert ákvæði er í nýgerðum kjarasamningum og lífskjarastefnu stjórnvalda sem sérstaklega snýr að að lífeyrisþegum/eldra fólki. Það eru um 3000 manns sem þarf sérstaklega að einbeita sér að. Ólafur leggur til að auk hefðbundinna áherslumála setti LEB hjúkrunarheimili, stöðu þeirra og rekstrarmodel á dagskrá.

### 2. Félagsstarf FEB í haust – til umhugsunar

Dreift var dagskrá liðins vetrar með ósk til stjórnar að hugað/hugsað yrði til breytinga, ef þarf, til að áfram sé rekið fjölbreytt og öflugt félagsstarf sem mæti þörfum og óskum sem flestra félagsmanna. Upplýst var að aldrei hafa veið fleiri þátttakendur verið í starfi félagsins eins og í vetur. Jafnframt er fullbókað í ferðir félagsins innanlands og líkt með ferðirnar erlendis.

### 3. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar m.a. í málefnum eldri borgara

Gísli kom inn á þjónustustefnu og aðgengismál (að vef) borgarinnar sem er í mótun en áherslur stefnunnar höfðu verið kynntar öldungaráði s.l. mánudag. En enn er þetta ekki fullunnið og fjármagn ekki tryggt. Samþykkt að fá Heiðu Björg Hilmisdóttur form. velferðarráðs á næsta fund stjórnarinnar til að fara yfir þessi mál og önnur er snúa að stefnu borgarinnar í velferðarþjónustu.

### 4. Önnur mál

Guðrún sagði frá sameiningu Starfsm.félags Rvkborgar og ríkisins í nýtt félag SAMEYKI og innan þessa nýja félags væri nýstofnuð Lífeyrisdeild Sameykis.

Guðrún kom einnig inn á nýlega aðalfundi Skjól og Eirar þar sem hún situr í stjórnun. Í orðum framkvæmdastjóra Skjól kom skýrt fram sú slæma staða sem er í málum þessara heimila. Greiðslur ríkisins ekki í neinu samræmi þá umönnun sem þar verður að vera. Byggingarmál öll í upplausn vegna hægagangs og skorts á svörum er varðar skipulagsmál í borginni – staða sem FEB því miður þekkir. Samþykkt að fá forstjóra þessara hjúkrunarheimila, Sigurð Rúnar Sigurjónsson, inn á fund stjórnar FEB við fyrsta tækifæri.

Félagstíðindi FEB 1. tölublað ársins 2019 var sýnt í próförk. Er í prentun og fer svo beint í dreifingu til félagsmanna og annarra.

Könnun á vegum Alheimersamtakanna sem FEB er beðið að koma á framfæri. Sent á stjórnarmenn.

Bréf til stjórnar v. yfirtöku á síðu Gráa hersins

Áréttað af hálfu formanns og gjaldkera að GH sé baráttuhópur innan FEB sé því á ábyrgð og

félagsins sem jafnframt hefur borið allan kostnað. Því sé allt efni þar sem annars staðar undir stýringu og ábyrgð FEB.

Fundi slitið 10.50.

Samþykkt;